

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og gámasvæði í Sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg nr. 115/2010.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Gjaldtegund	120L spartunna	140L spartunna og brúntunna	240L tunna
Sorphreinsunargjald	28.500 kr.	28.500	28.500 kr.
Sorpeyðingargjald	23.430 kr.	27.335	36.500 kr.
Samtals	52.000 kr.	55.835	65.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignargjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldfrjálsu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu á gámasvæði Árborgar.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á heimilissorpi allt að 0,5 m³ á gámasvæði Árborgar.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gleri og blátunnuefni í grenndarstöðvar í sveitarfélaginu.

Frá og með 01.01.2021 verður ekki hægt að kaupa 120 ltr heldur verður þess í stað boðið upp á 140ltr spartunnu.

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

Önnur gjöld:

Pokagjald: Sérmerktir sorppokar	480	kr./stk.
Tunnugjald: Nýjar 140 tunnur	10.560	kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	13.530	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 660 l ker	43.000	kr./ílát

Samsetningar- og útkeyrslugjald	2.500	kr./ílát
Tunnufesting	3.800	kr./stk.
Teygjufestinn á lok í lausasölu	800	kr./stk.
Teygjufesting á lok sett á nýjar tunnur	1.000	kr./stk.

Pokagjald, tunnugjald og/eða samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu.

Samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liði er frá því notkun hófst.

Sé tunnnum fækkað og tunnu skilað er hún innleyst á upprunalegu verði að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því að notkun hófst.

3.gr

Gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Árborg (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn:

Óflokkað	Kr/kg m.vsk
Blandaður úrgangur: Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindar endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakra meðhöndlunar í böggun.	46,00
Grófur úrgangur: Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	51,00
Flokkað	Kr./kg
Tímur: Hvítmálað, plasthúðað og blandað.	26,00
Trjábólir og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta) °	12,00
Hey, trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0,00
Dagblöð/tímarit	11,00
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju°	11,00
Málmar:	0,00
Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:	Kr./kg
Umbúðir úr sléttum pappa	0,00
Plastumbúðir	31,00
Heyrúlluplast	0,00
Bylgjupappi	0,00
Hjólbarðar	0,00
Raftæki	0,00
Spilliefni	0,00
Annað:	Kr./kg
Smádyrahæ og sláturúrgangur (lágmark 2.000 kr við afgreiðslu)	205,00
Fljótandi úrgangur (seyra)	18,00

Húsdýraúrgangur	13,00
Ómengaður úrgangur til urðunar, t.d. jarðvegur, steinefni.	25,00
Jarðefni til afhendingar:	Kr./kg.
Mulningur 0-25	3,43
Drenmöl 10-25	4,18
N. sandur 0-8	3,16
Fjörusandur	1,89

Lágmarkskomugjald eru 600 kr.

Lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) er 1.137 kr./m³

4. gr

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1278/2019.

Selfossi,

Gísli Halldór Halldórsson,
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar